

I EES-STOFNANIR**1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

96/EES/2/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 frá 27. september 1995 varðandi aðra skrá yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93..... 02
96/EES/2/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn..... 04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 frá 7. september 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa..... 05
96/EES/2/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn..... 06 Ákvörðun ráðsins frá 29. júní 1995 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku..... 07
96/EES/2/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn..... 09 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang..... 10
96/EES/2/05	Sameiginleg yfirlýsing varðandi XV. kafla í II. viðauka við EES-samninginn sem fylgir fundargerð sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 22. júní 1995..... 23

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**4. Ráðgjafarnefnd EES****II EFTA-STOFNANIR****1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna****2. Eftirlitsstofnun EFTA****3. EFTA-dómstóllinn**

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin
3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

96/EES/2/01

nr. 64/95
frá 22. nóvember 1995

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/95 frá 18. júlí 1995⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 frá 27. september 1995 varðandi aðra skrá yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 12e (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **395 R 2268:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 frá 27. september 1995 (Stjttíð. EB nr. L 231, 28. 9. 1995, bls. 18) eins og hún var leiðrétt í Stjttíð. EB nr. L 237, 6. 10. 1995, bls. 8.“.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2268/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 231, 28. 9. 1995, bls. 18.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2268/95**frá 27. september 1995****varðandi aðra skrá yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ⁽¹⁾, einkum 8. og 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EBE) nr. 793/93 er lagt til að komið verði á fót kerfi um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna og til að unnt sé að gera áhættumat á slíkum efnum er rétt að nafngreina efni sem hafa forgang og þarf að athuga sérstaklega.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93 ber framkvæmdastjórninni að setja saman skrá yfir efni sem hafa forgang. Í 8. gr. eru enn fremur taldir upp þeir þættir sem taka ber tillit til við gerð áður nefndrar skrár.

Í 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93 er kveðið á um að eitt aðildarríki verði gert ábyrgt fyrir mati á hverju efni í skránum yfir efni sem hafa forgang og skal séð til þess að verkefni deilist réttlátlega á aðildarríkin.

Fyrsta skráin yfir efni sem hafa forgang var samþykkt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1179/94 ⁽²⁾.

Ákvæði þessarar reglugerðar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnuð samkvæmt 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.****Skrá yfir efni sem hafa forgang**

- Önnur skráin yfir efni sem hafa forgang er hér með samþykkt og sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
- Fyrir hvert efni í skránni yfir efni sem hafa forgang er hér með tilnefnt aðildarríkið sem er gert ábyrgt fyrir mati þess og það tilgreint í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. september 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 231, 28. 9. 1995, bls. 18, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 84, 5. 4. 1993, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 131, 26. 5. 1994, bls. 3.

VIÐAUKI

EINECS nr.	CAS nr.	Heiti efnis	Aðildarríki
201-963-1	90-04-0	o-anisidín	A
200-746-9	71-23-8	própan-1-ól	D
202-411-2	95-33-0	N-sýklóhexýlbensóþíasól-2-súlfenamíð	D
202-905-8	100-97-0	metenamín	D
203-804-1	110-80-5	2-etoxyétanól	D
203-839-2	111-15-9	2-etoxyétýl asetat	D
204-118-5	115-96-8	tris(2-klóretýl)fosfat	D
246-690-9	25167-70-8	2,4,4-þrímetýlpenten	D
263-125-1	61790-33-8	amín, tólgaralkýl	D
203-625-9	108-88-3	tólúen	DK
204-428-0	120-82-1	1,2,4-þríklórbensen	DK
200-663-8	67-66-3	klóróform	F
247-977-1	26761-40-0	dí-,ísódekýl“-ftalat	F
249-079-5	28553-12-0	dí-,ísónónýl“-ftalat	F
271-090-9	68515-48-0	1,2-bensendíkarboxýlsýra, tví- C ₈₋₁₀ -greinóttir alkýlesterar, C ₉ -ríkir	F
271-091-4	68515-49-1	1,2-bensendíkarboxýlsýra, tví- C ₉₋₁₁ -greinóttir alkýlesterar, C ₁₀ -ríkir	F
231-765-0	7722-84-1	vetnisperoxíð	FIN
200-871-9	75-45-6	klóródíflúormetan	I
231-668-3	7681-52-9	natríumhýpóklóríð	I
203-692-4	109-66-0	pentan	N
201-058-1	77-78-1	dímetylklórsúlfat	NL
202-627-7	98-01-1	2-fúraldehýð	NL
204-661-8	123-91-1	1,4-díoxan	NL
209-151-9	557-05-1	sinkdísterat	NL
215-222-5	1314-13-2	sinkoxíð	NL
231-175-3	7440-66-6	sink	NL
231-592-0	7646-85-7	sinkklóríð	NL
231-793-3	7733-02-0	sinksúlfat	NL
231-944-3	7779-90-0	trísinkbis(ortófosfat)	NL
204-211-0	117-81-7	bis(2-etylhexýl)-ftalat	S
247-148-4	25637-99-4	hexabrómsýklódódekan	S
200-879-2	75-56-9	metýloxíran	UK
201-800-4	88-12-0	1-vínýl-2-pýrrolídón	UK
246-672-0	25154-52-3	nónýlfenól	UK
251-084-2	32534-81-9	dífenýleter, pentabróm-afleiða	UK
284-325-5	84852-15-3	fenól, 4-nónýl-, greinóttur	UK

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**96/EES/2/02****nr. 65/95****frá 22. nóvember 1995****um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/95 frá 28. apríl 1995⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 frá 7. september 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nýjaleýfissamninga vegna einkaleyfa⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84) í XIV. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ - **395 R 2131:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 frá 7. september 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 (Stjttíð. EB nr. L 214, 8. 9. 1995, bls. 6).“

2. gr.

Í 5. lið í aðlögunarlið 1) komi dagsetningin „31. desember 1995“ í stað „30. júní 1995“.

3. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2131/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún gildir frá 1. júlí 1995.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 139, 22. 6. 1995, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 23, 22. 6. 1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 214, 8. 9. 1995, bls. 6.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2131/95**frá 7. september 1995****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að reglugerð þessari,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt reglugerð nr. 19/65/EBE er framkvæmdastjórninni heimilt að beita með reglugerð 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum tvíhliða nytjaleyfissamninga og samstilltra aðgerða sem falla undir ákvæði 1. mgr. 85. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84 frá 23. júlí 1984 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa ⁽²⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 70/95 ⁽³⁾, er gildi upphaflega til 31. desember 1994, hefur verið framlengd til 30. júní 1995.

Framkvæmdastjórnin birti 30. júní 1994 drög að reglugerð um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu ⁽⁴⁾. Þær athugasemdir sem bárust framkvæmdastjórninni í kjölfar birtingarinnar og við yfirheyrsluna 31. janúar 1995 hafa gert framkvæmdastjórninni kleift að fhluga vandlega þau vandkvæði sem upp hafa komið og gera viðeigandi ráðstafanir.

Formkröfur um fullvinnslu textans á öllum opinberum tungumálum, og að hæfilegur tími líði frá því að reglugerð er samþykkt þar til hún tekur gildi, kalla á enn frekari frestun.

Því er nauðsynlegt að framlengja gildistíma reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 um sex mánuði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2349/84 komi dagsetningin „31. desember 1995“ í stað „30. júní 1995“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún gildir frá 1. júlí 1995.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. september 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karel VAN MIERT

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 214, 8. 9. 1995, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttö. EB nr. 36, 6. 3. 1965, bls. 533/65.

⁽²⁾ Stjttö. EB nr. L 219, 16. 8. 1984, bls. 15.

⁽³⁾ Stjttö. EB nr. L 12, 18. 1. 1995, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjttö. EB nr. C 178, 30. 6. 1994, bls. 3.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**96/EES/2/03****nr. 66/95
frá 22. nóvember 1995****um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/95 frá 22. júní 1995⁽¹⁾.

Ákvörðun ráðsins 95/237/EB frá 29. júní 1995 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við i-lið 3. liðar (ákvörðun ráðsins 94/824/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„j) **395 D 0237:** Ákvörðun ráðsins 95/237/EB frá 29. júní 1995 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku (Stjttíð. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 38).“.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar ráðsins 95/237/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 38.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 29. júní 1995

um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku(*)

(95/237/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Réttur til lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum í bandalaginu nær til þeirra persóna sem eiga rétt á vernd samkvæmt 1. til 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 87/54/EBE.

Heimilt er að rýmka þennan rétt með ákvörðun ráðsins þannig að hann nái til persóna sem njóta ekki verndar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum.

Æskilegt er að ákvörðun um rýmkun þeirrar verndar sem hér er ræðir sé tekin fyrir bandalagið í heild, að því marki sem unnt er.

Allt frá 7. nóvember 1987 hefur ráðið rýmkað þessa vernd með röð bráðabirgðaákvæðana ⁽²⁾, þannig að hún nái til Bandaríkja Norður-Ameríku, en síðust þeirra er ákvörðun 94/373/EB frá 27. júní 1994.

Sú ákvörðun gildir til 1. júlí 1995.

Viðeigandi löggjöf er fyrir hendi í Bandaríkjum Norður-Ameríku um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum og hefur verndin verið rýmkuð þannig að hún nái til persóna frá aðildarríkjum Evrópubandalagsins frá 1. júlí 1995, eins og forseti þeirra hefur kunngjört í yfirlýsingu sinni frá 23. mars 1995.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 158, 8. 7. 1995, bls. 38, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 24, 27. 1. 1987, bls. 36.

⁽²⁾ Ákvörðun 87/532/EBE (Stjtið. EB nr. L 313, 4. 11. 1987, bls. 22); ákvörðun 90/511/EBE (Stjtið. EB nr. L 285, 17. 10. 1990, bls. 31); ákvörðun 93/16/EBE (Stjtið. EB nr. L 11, 19. 1. 1993, bls. 20); ákvörðun 94/4/EB (Stjtið. EB nr. L 16, 8. 1. 1994, bls. 23); ákvörðun 94/373/EB (Stjtið. EB nr. L 170, 5. 7. 1994, bls. 34).

Samningurinn um hugverkarétt í viðskiptum, sem er hluti af niðurstöðum Úrúgvæ-samningaviðræðnanna um marghliða viðskipti og fellur undir Marakess-lokagerðina frá 15. apríl 1994, leggur aðilum þær skyldur á herðar að veita svæðislýsingum smárása vernd í samræmi við ákvæði samningsins, og ákvæði sáttmálans um hugverk er varða smárásir, sem hann vísar til.

Þessi samningur ásamt samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, en sá fyrrnefndi er í viðauka við þann síðarnefnda, öðlaðist gildi í bandalaginu 1. janúar 1995. Þau iðnríki sem eiga aðild að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hafa eins árs frest frá því að sá samningur öðlast gildi til að láta ákvæði samningsins um hugverkarétt í viðskiptum koma til framkvæmda.

Ákvörðun ráðsins 94/824/EB frá 22. desember 1994 um rýmkun lögverndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum þannig að hún nái til persóna frá aðila að Alþjóðaviðskiptastofnuninni ⁽³⁾ á að koma til framkvæmda frá 1. janúar 1996. Bandaríki Norður-Ameríku eru aðili að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

Með hliðsjón af því að löggjöf í Bandaríkjunum gerir ráð fyrir að verndin sé rýmkuð þannig að hún nái til persóna frá aðildarríkjum Evrópubandalagsins ber að rýmka rétt til verndar samkvæmt tilskipun 87/54/EBE þannig að hann nái til einstaklinga og lögpersóna frá Bandaríkjum Norður-Ameríku frá 2. júlí 1995 og þar til framangreind ákvörðun 94/824/EBE kemur til framkvæmda, nánar tiltekið frá 1. janúar 1996.

SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu rýmka rétt til lögverndar samkvæmt tilskipun 87/54/EBE eins og hér greinir:

- einstaklingar, sem eru ríkisborgarar Bandaríkja Norður-Ameríku eða sem hafa fasta búsetu á yfirráðasvæði Bandaríkja Norður-Ameríku, skulu fá sömu meðferð og væru þeir ríkisborgarar aðildarríkis;

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 349, 31. 12. 1994, bls. 201.

b) félög og aðrar lögpersónur frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku, sem starfrækja raunveruleg iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki í því landi, skulu fá sömu meðferð og þeir sem starfrækja raunveruleg iðnaðareða verslunar-fyrirtæki á yfirráðasvæði aðildarríkis.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 2. júlí 1995.

Aðildarríkin skulu rýmka rétt til verndar samkvæmt þessari ákvörðun þannig að hann nái til þeirra persóna sem um getur í 1. gr. til 1. janúar 1996.

Einkaréttur sem hefur áunnist samkvæmt ákvörðunum 87/532/EBE, 90/511/EBE, 93/16/EBE, 94/4/EB, 94/373/EB, eða samkvæmt þessari ákvörðun, skal gilda áfram þann tíma sem mælt er fyrir um í tilskipun 87/54/EBE.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 29. júní 1995.

Fyrir hönd ráðsins,

J. BARROT

forseti.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar**96/EES/2/04****nr. 67/95
frá 22. nóvember 1995****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn****SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við 6. lið (tilskipun ráðsins 93/12/EBE) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„7. **394 L 0062:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjttð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 10).“.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

E. Berg

(¹) Stjttð. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjttð. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

(²) Stjttð. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 10.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 94/62/EB

frá 20. desember 1994

um umbúðir og umbúðaugang(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að samræma innlendar ráðstafanir aðildarríkjanna varðandi meðhöndlun umbúða og umbúðaugangs, til þess að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra á umhverfið, og vernda þannig umhverfið eins og kostur er, og til að tryggja starfsemi innri markaðarins og forðast viðskiptahindranir og röskun á samkeppni í bandalaginu.

Ákjósanlegasta leiðin til að koma í veg fyrir myndun umbúðaugangs er að draga úr magni umbúða.

Mikilvægt er, í tengslum við markmið þessarar tilskipunar, að virða þá almennu reglu að ráðstafanir sem gerðar eru í einu aðildarríki til að vernda umhverfið rýri ekki möguleika annarra aðildarríkja til að ná markmiðum þessarar tilskipunar.

Bráðnauðsynlegt er að draga úr úrgangi vegna sjálfbærs vaxtar sem sérstaklega er fjallað um í sáttmálanum um Evrópusambandið.

Þessi tilskipun skal taka til allra gerða umbúða sem eru markaðssettar og alls umbúðaugangs. Fella ber því niður tilskipun ráðsins 85/339/EBE frá 27. júní 1985 um umbúðir fyrir drykkjarvörur ⁽⁴⁾.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 365, 31. 12. 1994, bls. 10, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/95 frá 22. nóvember 1995 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 263, 12. 10. 1992, bls. 1 og Stjtið. EB nr. C 285, 21. 10. 1993, bls. 1.

(2) Stjtið. EB nr. C 129, 10. 5. 1993 bls. 18.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 23. júní 1993 (Stjtið. EB nr. C 194, 19. 7. 1993, bls. 177.), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 137, 19. 5. 1994, bls. 65) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 4. maí 1994 (Stjtið. EB nr. C 205, 25. 7. 1994, bls. 163). Staðfest 2. desember 1993 (Stjtið. EB nr. C 342, 20. 12. 1993, bls. 15). Sameiginlegur texti sáttanefndarinnar frá 8. nóvember 1994.

(4) Stjtið. EB nr. L 176, 6. 7. 1985, bls. 18. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 91/629/EBE (Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

Umbúðir hafa mikilvægt félagslegt og efnahagslegt gildi og því mega ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun ekki hafa áhrif á aðrar viðeigandi lagakröfur um gæði og flutning á umbúðum eða umbúðavörum.

Í samræmi við stefnumótun bandalagsins um meðhöndlun úrgangs sem sett er fram í ályktun ráðsins frá 7. maí 1990 um meðhöndlun úrgangs ⁽⁵⁾ og tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ⁽⁶⁾, skal meðhöndlun umbúða og umbúðaugangs fyrst og fremst miða að því að koma í veg fyrir myndun umbúðaugangs og því næst að því að endurnota og endurvinnna umbúðir og endurnýta umbúðaugang á annan hátt þannig að unnt sé að minnka magn þess umbúðaugangs sem farga þarf endanlega.

Þar til niðurstöður vísinda- og tæknirannsókna liggja fyrir, að því er varðar aðferðir við endurnýtingu, skal endurnotkun og endurvinnsla talin ákjósanlegri aðferð að því er varðar umhverfisáhrif. Þetta felur í sér kröfu um að sett verði á laggimar í aðildarríkjunum kerfi sem tryggir skil á notuðum umbúðum og/eða umbúðaugangi. Meta skal endingartíma umbúða eins fljótt og auðið er til að réttlæta skýra forgangsröðun milli endurnotkunar, endurvinnslu og endurnýtingar umbúða.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir myndun umbúðaugangs, þar með taldar sjálfstæðar aðgerðir aðildarríkjanna í samræmi við markmið þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin geta, í samræmi við sáttmálann, ýtt undir að tekin verði upp endurnotkunarkerfi fyrir umbúðir sem hægt er að endurnota á vistvænan hátt, þar eð slík kerfi geta stuðlað að umhverfisvernd.

Frá sjónarhóli umhverfisverndar ber að líta á endurvinnslu sem mikilvægan hluta af endurnýtingu, einkum með það í huga að draga úr notkun orku og grunnhráefna og minnka magn þess úrgangs sem farga þarf endanlega.

(5) Stjtið. EB nr. C 122, 18. 5. 1990, bls. 2.

(6) Stjtið. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/156/EBE (Stjtið. EB nr. L 78, 26. 3. 1991, bls. 32).

Orkuvinnsla er áhrifarík leið til að endurnýta umbúðaúrgang.

Stefnumið sem aðildarríkin setja fram varðandi endurnýtingu og endurvinnslu umbúðaúrgangs skulu vera innan tiltekinna marka þannig að unnt sé að taka tillit til ólíkra aðstæðna í aðildarríkjunum og forðast viðskiptahindranir og röskun á samkeppni.

Til að ná árangri áður en of langt um líður og til að gefa atvinnurekendum, neytendum og opinberum stjórnvöldum nauðsynlega yfirsýn til lengri tíma, skal ákvarða miðlungslangan frest til að ná framangreindum stefnumiðum og langtímafrest til að framfylgja stefnumiðum, sem taka verður afstöðu til síðar með það í huga að gera þessi stefnumið enn umfangsmeiri.

Evrópuþinginu og ráðinu ber, á grundvelli skýrslna frá framkvæmdastjórninni, að meta bæði þá hagnýtu reynslu sem aðildarríkin hafa aflað sér í viðleitni sinni við að framfylgja framangreindum stefnumiðum og niðurstöður vísindarannsókna og matsaðferðir, svo sem aðferðir við að meta vistjafnvægi.

Aðildarríki sem hafa samið eða ætla að semja áætlanir sem ganga lengra en slík stefnumið ættu að hafa leyfi til framfylgja þeim enda leiðir það til umhverfisverndar á háu stigi, að því tilskildu að slíkar ráðstafanir valdi ekki röskun á innri markaðinum og komi ekki í veg fyrir að önnur aðildarríki hlíti ákvæðum þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin ætti að staðfesta slíkar ráðstafanir eftir viðeigandi sannprófun.

Hins vegar geta tiltekin aðildarríki, vegna sérstakra aðstæðna, fengið leyfi til að samþykkja stefnumið sem fela í sér minni kröfur, að því tilskildu að þau uppfylli lágmarksstefnumið um endurnýtingu innan hins hefðbundna frests og almenn stefnumið innan lengri frests.

Meðhöndlun á umbúðum og umbúðaúrgangi gerir kröfu til þess að aðildarríkin komi á fót skilgjalds-, söfnunar- og endurnýtingarkerfum. Öllum hagsmunaaðilum skal frjálst að taka þátt í slíkum kerfum og þau skulu hönnuð þannig, í samræmi við sáttmálann, að þau feli ekki í sér mismunun á kostnað innfluttra vara, viðskiptahindranir eða röskun á samkeppni og tryggi eins hátt skilahlutfall á umbúðum og umbúðaúrgangi og mögulegt er.

Kanna þarf betur merkingar umbúða af hálfu bandalagsins en ákvarðanatáka þar að lútandi skal í náninni framtíð vera í höndum bandalagsins.

Til að draga úr áhrifum umbúða og umbúðaúrgangs á umhverfið og koma í veg fyrir viðskiptahindranir og röskun á samkeppni er einnig nauðsynlegt að skilgreina grunnkröfur um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu (þar með talin endurvinnsla) þeirra.

Takmarka ber innihald skaðlegra málma og annarra efna í umbúðum í ljósi áhrifa þeirra á umhverfið (einkum með hliðsjón

af því að efnin geta verið í útgeislun eða ösku þegar umbúðirnar eru brenndar eða í sigvatni þegar umbúðirnar eru urðaðar). Fyrsta mikilvæga skrefið til að draga úr eiturrifum umbúðaúrgangs er að koma í veg fyrir að fleiri skaðlegir þungmálmar verði notaðir í umbúðir og tryggja að slík efni séu ekki losuð út í umhverfið, samanber þó tilheyrandi undanþágur sem framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um í sérstökum tilvikum samkvæmt nefndarmeðferð.

Ef ná á háu endurvinnslustigi og koma í veg fyrir heilsu- og öryggisvandamál fyrir þá sem vinna við söfnun og vinnslu umbúðaúrgangs er bráðnauðsynlegt að slíkur úrgangur sé flokkaður þar sem hann fellur til.

Kröfur um framleiðslu umbúða skulu ekki gilda um umbúðir sem eru notaðar fyrir tiltekna vöru áður en þessi tilskipun öðlast gildi. Einnig er þörf á aðlögunartímabili fyrir markaðssetningu umbúða.

Við framkvæmd ákvæðis þess efnis að umbúðir sem eru markaðssettar skuli uppfylla allar grunnkröfur ber að taka tillit til þeirrar staðreyndar að þar til bær staðlastofnun er að semja Evrópustaðla. Ákvæði um að færa þurfi sönnur á samræmi við landsstaðla skulu engu að síður öðlast gildi þegar í stað.

Stuðla skal að samningu Evrópustaðla í tengslum við grunnkröfur og önnur málefni sem tengjast þeim.

Í ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari tilskipun er gengið út frá því að skapaður verði möguleiki á endurnýtingu og endurvinnslu umbúðaefna og sölu á endurunnum umbúðaefnum.

Notkun enduruninna efna í umbúðir ætti ekki að brjóta í bága við viðeigandi ákvæði um hreinlæti, heilbrigði og öryggi neytanda.

Afla þarf gagna úr öllu bandalaginu um umbúðir og umbúðaúrgang til að hafa eftirlit með að markmiðum þessarar tilskipunar sé fullnægt.

Nauðsynlegt er að allir sem taka þátt í að framleiða, nota, flytja inn og dreifa umbúðum og umbúðavörum geri sér betur grein fyrir því hversu stór hluti af umbúðum fellur til sem úrgangur og taki ábyrgð á slíkum úrgangi í samræmi við mengunarbótaregluna. Þróun og framkvæmd ráðstafana sem kveðið er á um í þessari tilskipun ætti að fela í sér og útheimta nána samvinnu allra aðila, ef við á, sem liður í sameiginlegri ábyrgð.

Neytendur gegna lykilhlutverki í meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs og þurfa því að fá nægilegar upplýsingar eigi að breyta hegðun þeirra og viðhorfum.

Með því að setja sérstakan kafla um meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs inn í þær áætlanir um meðhöndlun úrgangs sem krafist er í samræmi við tilskipun 75/442/EBE er stuðlað að áhrifaríki framkvæmd þessarar tilskipunar.

Til að auðveldara verði að ná markmiðum þessarar tilskipunar kann að vera nauðsynlegt að bandalagið og aðildarríkin beiti efnahagslegum aðgerðum í samræmi við ákvæði sáttmálans til að forðast nýjar gerðir af verndarstefnu.

Með fyrirvara um tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ⁽¹⁾, ber aðildarríkjunum að tilkynna framkvæmdastjórninni um drög að ráðstöfunum sem þau hyggjast samþykka, áður en þau samþykka drögin, til að unnt sé að ákvarða hvort þau séu í samræmi við tilskipunina.

Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt nefndarmeðferð, að tryggja að auðkenningarkerfi fyrir umbúðir og eyðublöð með upplýsingum úr gagnagrunnum verði lögð að vísinda- og tækniframförum.

Nauðsynlegt er að kveða á um tilteknar ráðstafanir til að leysa úr öllum þeim vandamálum sem upp koma við framkvæmd þessarar tilskipunar í samræmi við sömu nefndarmeðferð, ef svo ber undir.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

- Þessi tilskipun miðar að því að samhæfa ráðstafanir aðildarríkjanna varðandi meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs til þess annars vegar að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum þeirra á umhverfið í öllum aðildarríkjunum og þriðju löndum, og vernda þannig umhverfið eins og kostur er, og hins vegar að tryggja starfsemi innri markaðarins og forðast viðskiptahindranir og röskun á samkeppni í bandalaginu.
- Því er í þessari tilskipun kveðið á um ráðstafanir sem miða að því sem forgangsatriði að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs og, í anda annarra grundvallarreglna, stuðla að endurnotkun og endurvinnslu umbúða og annars konar endurnýtingu umbúðaúrgangs þannig að hægt sé að minnka magn þess umbúðaúrgangs sem farga þarf endanlega.

2. gr.

Gildissvið

- Þessi tilskipun tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað í bandalaginu og alls umbúðaúrgangs hvort sem hann er notaður í eða kemur frá iðnaðar- og verslunarstöðum, skrifstofum, verkstæðum, þjónustufyrirtækjum, heimilum eða öðrum sviðum, óháð efninu sem er notað.
- Þessi tilskipun skal gilda með fyrirvara um gildandi gæðakröfur fyrir umbúðir, eins og þær sem varða öryggi, verndun hollustu og heilnæmis pakkaðra vara eða með fyrirvara um gildandi flutningskröfur eða ákvæði tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ⁽²⁾.

(1) Stjótt. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/400/EBE (Stjótt. EB nr. L 221, 6. 8. 1992, bls. 55).

(2) Stjótt. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „umbúðir“: allar vörur af hvaða tegund sem er og úr hvaða efni sem er sem eru notaðar við pökkun, verndun, meðhöndlun og afhendingu framleiðsluvöru, hvort sem þar er um að ræða hráefni eða fullunna vöru, til notanda eða neytanda. Einnota hlutir sem eru notaðir í sama tilgangi skulu einnig teljast til umbúða.

Undir umbúðir falla aðeins:

- söluumbúðir eða grunnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær söluveitingu fyrir notanda eða neytanda;
 - safnumbúðir eða annarsstigsumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda söluveininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til notanda eða neytanda eða aðeins notaðar til að fylla í hillur á sölustað; hægt er að taka þær utan af vörunni án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar;
 - flutningsumbúðir eða þriðjastigsumbúðir, þ.e. umbúðir þannig gerðar að þær auðvelda meðhöndlun og flutning nokkurra söluveininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón við meðhöndlun og flutning. Flutningsumbúðir taka ekki til íláta til farmflutninga á vegum, með járnbrautum, skipum og flugvélum;
- „umbúðaúrgangur“: allar umbúðir eða umbúðaefni sem fjallað er um í skilgreiningu á úrgangi í tilskipun 75/442/EBE, að undanskildum framleiðsluleifum;
 - „meðhöndlun umbúðaúrgangs“: meðhöndlun úrgangs eins og skilgreint er í tilskipun 75/442/EBE;
 - „að koma í veg fyrir“: að minnka magn og draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum:

- hráefna og efna í umbúðum og umbúðaúrgangi,
- umbúða og umbúðaúrgangs á framleiðslustigi og á stigi markaðssetningar, dreifingar, notkunar og förgunar,

einkum með því að þróa „hreinar“ vörur og tækni;

- „endurnotkun“: allar aðgerðir þar sem umbúðir, sem eru hannaðar þannig að hægt sé að nota þær að minnsta kosti nokkrum sinnum á endingartíma þeirra, eru enduráfyltar eða notaðar í sama tilgangi og áður, með eða án hjálparefna sem eru á markaðinum sem gera það kleift að enduráfylla umbúðirnar. Svona endurnotaðar umbúðir verða að umbúðaúrgangi þegar ekki er lengur hægt að endurnota þær;

6. „endurnýting“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka B við tilskipun 75/442/EBE;
7. „endurvinnsla“: endurvinnsla í framleiðsluferli á úrgangsefnum til upprunalegra nota eða til annarra nota, þar með talin lífræn endurvinnsla en ekki orkuvinnsla;
8. „orkuvinnsla“: notkun brennanlegs umbúðaúrgangs til að framleiða orku beint við brennslu með eða án annars úrgangs en með nýtingu varmans;
9. „lífræn endurvinnsla“: loftháð meðhöndlun (mylting) eða loftfirt meðhöndlun (vinnsla á lífrænu gasi) með örverum við stýrðar aðstæður á þeim hlutum umbúðaúrgangs sem unnt er að brjóta niður á lífrænan hátt og framleiða þannig bundnar lífrænar leifar eða metan. Urðun úrgangsins telst ekki lífræn endurvinnsla;
10. „förgun“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE;
11. „atvinnurekendur“: í tengslum við umbúðir er um að ræða birgja umbúðaefna, þá sem framleiða, umbreyta, áfylla, nota, flytja inn, stunda viðskipti með og dreifa umbúðum og opinber yfirvöld og lögboðnar stofnanir;
12. „fjáls samningur“: formlegur samningur milli lögbærra stjórnvalda aðildarríkisins og viðkomandi atvinnugreina sem skal opin og öllum aðilum sem kjósa að fylgja skilyrðum samningsins með það í huga að vinna að markmiðum þessarar tilskipunar.

4. gr.

Forvarnir

1. Til viðbótar við ráðstafanir gegn myndun umbúðaúrgangs sem gerðar eru í samræmi við 9. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að öðrum varnarráðstöfunum verði hrint í framkvæmd. Þær geta falist í innlendum áætlunum eða samsvarandi aðgerðum sem framkvæmdar eru í samráði við atvinnurekendur, ef við á, í þeim tilgangi að sameina og nýta hinar mismunandi varnaraðgerðir innan bandalagsins. Þær verða að vera í samræmi við markmið þessarar tilskipunar eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 1. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal leggja sitt af mörkum til að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum með því að flýta gerð hentugra Evrópustaðla, í samræmi við 10. gr.

5. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að stuðla að endurnotkunarkerfi fyrir umbúðir sem hægt er að endurnota á vistvænan hátt, í samræmi við sáttmálann.

6. gr.

Endurnýting og endurvinnsla

1. Til að vinna að markmiðum þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná eftirfarandi markmiðum á öllu yfirráðasvæði sínu:
 - a) eigi síðar en fimm árum frá þeim degi að þessi tilskipun skal tekin upp í landslög skulu í minnsta lagi 50% og í mesta lagi 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt;
 - b) innan ramma þessa almenna stefnumiðs og fyrir sama tímastærð skulu í minnsta lagi 25% og í mesta lagi 45% af þyngd allra umbúðaefna í umbúðaúrgangi endurunnið, þar af minnst 15% af þyngd hvers umbúðaefnis um sig;
 - c) eigi síðar en tíu árum frá þeim degi að þessi tilskipun skal tekin upp í landslög skal endurvinnna og endurnýta hundraðshluta umbúðaúrgangs sem ráðið verður að ákveða í samræmi við b-lið 3. mgr., í því skyni að gera stefnumiðin sem um getur í a- og b-lið enn umfangsmeiri.
2. Aðildarríkin skulu, þegar það á við, stuðla að því að efni úr endurunnum umbúðaúrgangi séu notuð til framleiðslu umbúða og annarra vara.
- 3.a) Evrópuþingið og ráðið skulu, á grundvelli bráðabirgðaskýrslu frá framkvæmdastjórninni og, fjórum árum eftir þann dag sem um getur í a-lið 1. mgr., á grundvelli lokaskýrslu, rannsaka þá hagnýtu reynslu sem aðildarríkin hafa aflað sér í viðleitni sinni við að ná þeim markmiðum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. og niðurstöður úr vísindarannsóknnum og matsaðferðir, svo sem aðferðir við að meta vistjafnvægi.
- b) Eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fyrsta fimm ára áfangans sem um getur í a-lið 1. mgr. skal ráðið, með auknum meirihluta og að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, fastsetja stefnumið fyrir annan fimm ára áfangann sem um getur í c-lið 1. mgr. Þetta ferli skal endurtekið á fimm ára fresti þaðan í frá.
4. Ráðstafanir þær og stefnumið sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. skulu birt í aðildarríkjunum og kynnt almenningi og atvinnurekendum með upplýsingaherferð.
5. Grikklandi, Írlandi and Portúgal er, í krafti sérstöðu sinnar sem felst í miklum fjölda lítilla eyja og sveita- og fjallahéraða og í lítilli notkun umbúða enn sem komið er, heimilt að ákveða að:

- a) ná, eigi síðar en fimm árum frá þeim degi er tilskipun þessi kemur til framkvæmda, umfangsminni stefnumiðum en þeim sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. en ná að minnsta kosti 25% endurnýtingu;
 - b) lengja á sama tíma frestinn til að ná markmiðum samkvæmt a- og b-lið 1. mgr., þó í mesta lagi til 31. desember árið 2005.
6. Aðildarríkjum, sem hafa þegar samþykkt áætlanir eða hafa í hyggju að samþykkja áætlanir sem ganga lengra en stefnumiðin í a- og b-lið 1. mgr. og hafa nægilega afkastagetu til endurvinnslu og endurnýtingar, er heimilt að vinna að þessum stefnumiðum til að stuðla að sem mestri umhverfisverndun, að því tilskildu að þessar ráðstafanir valdi ekki röskun á innri markaðinum og komi ekki í veg fyrir að hin aðildarríkin geti fullnægt kröfum tilskipunarinnar. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar. Framkvæmdastjórnin skal staðfesta þessar ráðstafanir þegar hún hefur sannprófað, í samvinnu við aðildarríkin, að þær séu í samræmi við framangreind skilyrði og leiði ekki til handahófskenndrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli aðildarríkjanna.

7. gr.

Skilagjalds-, söfnunar- og endurnýtingarkerfi

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir að komið verði á kerfum til að tryggja:
 - a) skil og/eða söfnun notaðra umbúða og/eða umbúðaúrgangs frá neytendum, öðrum notendum eða úr sorpi í þeim tilgangi að meðhöndla notaðar umbúðir eða umbúðaúrgang á sem heppilegastan hátt;
 - b) endurnotkun eða endurnýtingu, að endurvinnslu meðtalinni, umbúða og/eða umbúðaúrgangs sem safnað hefur verið, til að ná þeim markmiðum sem sett eru í þessari tilskipun.

Atvinnurekendum í viðkomandi grein og lögbærum stjórnvöldum skal frjálst að taka þátt í þessum kerfum. Þessi kerfi skulu einnig gilda fyrir innfluttar vörur með skilyrðum sem mismuna ekki, hér er einnig átt við reglur um aðgang að kerfunum og hugsanlega gjaldtöku því samfara, og skulu kerfin hönnuð þannig að ekki komi til viðskiptahindrana og röskunar á samkeppni í samræmi við sáttmálann.

2. Ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu vera liður í stefnumörkun sem tekur til allra umbúða og alls umbúðaúrgangs og skulu meðal annars taka mið af kröfum um verndun umhverfis og hreinlæti, heilbrigði og öryggi neytanda; verndun gæða, ósvikni og tæknilega eiginleika þeirra umbúðavara og efna sem notuð eru; og verndun hugverkaréttar á sviði iðnaðar og viðskipta.

8. gr.

Merkingar- og auðkenningarkerfi

1. Ráðið skal, í samræmi við skilyrðin sem sett eru í sáttmálanum, taka ákvörðun um merkingar umbúða eigi síðar en tveimur árum eftir að tilskipun þessi gengur í gildi.
2. Til að greiða fyrir söfnun, endurnotkun og endurnýtingu, þar með talin endurvinnsla, skal tilgreina úr hverju umbúðaefnið/efninu eru gerð til að viðkomandi atvinnugrein geti borið kennsl á þau og flokkað.

Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin ákveða eigi síðar en tólf mánuðum eftir að tilskipun þessi gengur í gildi, á grundvelli I. viðauka og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., þær tölur og skammstafanir sem auðkenningarkerfið skal byggt á og tiltaka til hvaða efna auðkenningarkerfið skal ná í samræmi við sömu málsmeðferð.

3. Umbúðirnar skulu merktar á viðeigandi hátt, annaðhvort á umbúðirnar sjálfar eða á merkimiðann. Merkingarnar skulu vera augskýlegar og auðlæsilegar. Merkingarnar skulu halda sér og endast eins og við á, einnig þegar umbúðirnar eru opnaðar.

9. gr.

Grunnkröfur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eftir þrjú ár frá gildistöku þessarar tilskipunar megi aðeins setja umbúðir á markað ef þær samræmast öllum grunnkröfum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, að II. viðauka meðtöldum.
2. Aðildarríkin skulu, frá og með dagsetningunni í 1. mgr. 22. gr., gera ráð fyrir að allar grunnkröfur sem settar eru í þessari tilskipun, að II. viðauka meðtöldum, hafi verið uppfylltar ef um er að ræða umbúðir sem samræmast:
 - a) viðeigandi samhæfðum stöðlum, sem vísað hefur verið til í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins* með birtingu tilvísunarnúmera þeirra. Aðildarríkin skulu birta tilvísunarnúmer landsstaðla sem eru til framkvæmdar þessum samhæfðu stöðlum,
 - b) viðeigandi landsstöðlum sem um getur í 3. mgr., að því tilskildu að engir samhæfir staðlar séu fyrir hendi á því sviði.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta þeirra landsstaðla sem um getur í b-lið 2. mgr. og þau telja að séu í samræmi við kröfurnar sem um getur í þessari grein. Framkvæmdastjórnin sendir texta þessara landsstaðla þegar í stað til hinna aðildarríkjanna.

Aðildarríkin birta tilvísanir í þessa staðla. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að þær birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

4. Telji aðildarríki eða framkvæmdastjórnin að staðlarnir sem um getur í 2. mgr. standist ekki fyllilega grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi aðildarríki leggja málið fyrir fastanefndina sem skipuð var samkvæmt tilskipun 83/189/EBE og tilgreina ástæðurnar fyrir því. Nefndin skal skila álitum án tafar.

Að fengnu álitum nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin tilkynna aðildarríkjunum hvort nauðsynlegt sé að afturkalla birtingu þessara staðla samkvæmt 2. og 3. mgr.

10. gr.

Stöðlun

Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, hvetja til þess að samdir verði Evrópustaðlar í tengslum við grunnkröfurnar sem um getur í II. viðauka.

Framkvæmdastjórnin skal einkum hvetja til þess að samdir verði Evrópustaðlar í tengslum við:

- viðmiðanir og aðferðafræði fyrir greiningu á endingartíma umbúða,
- aðferðir til að mæla og sannprófa hvort þungmálmur og önnur hættuleg efni séu í umbúðunum og hvort þau losni úr umbúðum og umbúðaúrgangi út í andrúmsloftið,
- viðmiðanir fyrir lágmarksinnihaldi endurunnins efnis í umbúðum að því er varðar viðeigandi tegundir umbúða,
- viðmiðanir fyrir endurvinnsluaðferðir,
- viðmiðanir fyrir myltingaraðferðir og þá moltu sem til verður,
- viðmiðanir fyrir merkingar umbúða.

11. gr.

Styrkur þungmálma í umbúðunum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að heildarstyrkur blýs, kadmíums, kvikasilfurs og sexgilds króms í umbúðum eða umbúðaúrgangi fari ekki yfir eftirfarandi:
- 600 ppm miðað við þyngd, tveimur árum eftir dagsetninguna sem um getur í i-lið 22. gr.;
 - 250 ppm miðað við þyngd, þremur árum eftir dagsetninguna sem um getur í i-lið 22. gr.;

- 100 ppm miðað við þyngd, fimm árum eftir dagsetninguna sem um getur í i-lið 22. gr.;

2. Styrkurinn sem um getur í 1. mgr. skal ekki gilda um umbúðir sem eru eingöngu úr blýkristallsgleri eins og það er skilgreint í tilskipun 69/493/EBE ⁽¹⁾.
3. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um 21. gr., ákveða:
- við hvaða skilyrði framangreindur styrkur gildir ekki um endurunnin efni og framleiðsluhringferli sem eru liðir í lokaðri og stýrðri keðju,
 - hvaða gerðir umbúða eru undanþegnar kröfunum sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr.

12. gr.

Upplýsingakerfi

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma upp gagnagrunnum um umbúðir og umbúðaúrgang, þar sem þeir eru ekki þegar til staðar, til að stuðla að því að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geti fylgst með framkvæmd markmiðanna sem sett eru í þessari tilskipun.
2. Til að svo megi verða skulu gagnagrunnar einkum geyma upplýsingar um umfang, eiginleika og þróun umbúða og flæði umbúðaúrgangs í einstökum aðildarríkjum (þar með talið upplýsingar um eitruð eða hættuleg efni í umbúðaefnum og efnisþáttum sem eru notaðir við framleiðslu þeirra).
3. Til að samræma eiginleika og framsetningu gagnanna og til að samhæfa gögn aðildarríkjanna skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni þau gögn sem þau eiga á eyðublöðum sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr., ári eftir daginn sem tilskipun þessi gengur í gildi, á grundvelli III. viðauka.
4. Aðildarríkin skulu taka mið af þeim sérvandamálum sem fylgja því fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að útvega ítarleg gögn.
5. Gögnin sem fást skulu gerð tiltæk um leið og innlendu skýrslurnar sem um getur í 17. gr. og skulu uppfærð í þeim skýrslum sem á eftir koma.
6. Aðildarríkin skulu krefjast þess að allir atvinnurekendur sem málið varðar veiti lögþægum yfirvöldum áreiðanleg gögn um atvinnugrein sína eins og krafist er í þessari grein.

(1) Stjót. EB nr. L 326, 29. 12. 1969, bls. 36.

13. gr.**Upplýsingar fyrir notendur umbúða**

Innan tveggja ára frá dagsetningunni sem um getur í 1. mgr. 22. gr. skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að tryggja að notendur umbúða, þar er einkum átt við neytendur, fái nauðsynlegar upplýsingar um:

- þau skilagjalds-, söfnunar- og endurnýtingarkerfi sem þeir hafa aðgang að,
- hvaða þátt þeir geti átt í því að stuðla að endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu umbúða og umbúðaúrgangs,
- hvað felist í þeim umbúðamerkingum sem eru á markaðinum,
- viðeigandi þætti í áætlunum um meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs eins og um getur í 14. gr.

14. gr.**Áætlanir um meðhöndlun**

Í samræmi við markmiðin og ráðstafanirnar sem um getur í þessari tilskipun skulu aðildarríkin fella sérstakan kafla um meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs inn í áætlanir um meðhöndlun umbúðaúrgangs, sem krafist er samkvæmt 7. gr. tilskipunar 75/442/EBE, þar sem meðal annars skal fjallað um ráðstafanir sem gera skal samkvæmt 4. og 5. gr.

15. gr.**Efnahagslegar aðgerðir**

Ráðið, sem tekur ákvarðanir á grundvelli viðeigandi ákvæða sáttmálans, samþykkir efnahagslegar aðgerðir til að stuðla að framkvæmd markmiðanna sem sett eru í þessari tilskipun. Meðan slíkar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar er aðildarríkjunum heimilt að samþykkja ráðstafanir til framkvæmdar þessum markmiðum í samræmi við þær meginreglur sem umhverfisstefna bandalagsins hvílir á, meðal annars mengunarbótaregluna, og þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum.

16. gr.**Tilkynning**

1. Með fyrirvara um tilskipun 83/189/EBE skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni drög að þeim ráðstöfunum sem þau hyggjast grípa til innan ramma þessarar tilskipunar, áður en þau samþykkja þessar ráðstafanir, að undanskildum fjárhagsráðstöfunum, en að meðtöldum tækniforskriftum sem tengjast fjárhagsráðstöfunum sem stuðla að því að slíkum tækniforskriftum sé fullnægt, þannig að framkvæmdastjórnin geti fjallað um drögin í ljósi fyrirbyggjandi ákvæða og ber henni þá að fylgja málsmeðferð framangreindrar tilskipunar.

2. Sé áformuð ráðstöfun einnig tæknilegs eðlis í skilningi tilskipunar 83/189/EBE er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að tiltaka, þegar það fylgir tilkynningareglunum sem um getur í þessari tilskipun, að tilkynningin gildi jafnt um tilskipun 83/189/EBE.

17. gr.**Tilkynningarskylda**

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu þessarar tilskipunar í samræmi við 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál⁽¹⁾. Fyrsta skýrslan skal ná yfir tímabilið 1995 til 1997.

18. gr.**Frelsi til markaðssetningar**

Aðildarríkin skulu ekki hindra markaðssetningu umbúða sem uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar á sínu yfirráðasvæði.

19. gr.**Aðlögun að vísinda- og tækniframförum**

Nauðsynlegar breytingar sem gera þarf til að aðlaga auðkenningarkerfið að vísinda- og tækniframförum - eins og um getur í 2. mgr. 8. gr. I. viðauka og síðasta undirlið 10. gr. - svo og eyðublöðin með upplýsingum úr gagnagrunninum - eins og um getur 3. mgr. 12. gr. og III. viðauka - skal samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

20. gr.**Sérráðstafanir**

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., ákveða til hvaða tæknilegra ráðstafana þarf að grípa þegar upp koma vandamál sem tengjast beitingu ákvæða þessarar tilskipunar, einkum grunnumbúðum fyrir lækningatæki og lyfjavörur, litlum umbúðum og munaðarumbúðum.
2. Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um allar aðrar ráðstafanir sem gerðar verða, ásamt tillögu ef svo ber undir.

21. gr.**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmda-stjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan frests sem má í engu tilviki vera lengri en þrjú mánuðir frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

22. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1996. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-stjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni að auki öll gildandi lög og stjórnslufyrirmæli sem hafa verið samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.
4. Kröfur um framleiðslu umbúða skulu ekki undir neinum kringumstæðum gilda um umbúðir sem notaðar eru fyrir tiltekna vöru fyrir daginn sem tilskipun þessi tekur gildi.
5. Aðildarríki skulu, þó ekki lengur en í fimm ár frá gildistökudegi þessarar tilskipunar, leyfa markaðssetningu umbúða sem eru framleiddar fyrir þennan dag og eru í samræmi við gildandi landslög.

23. gr.

Tilskipun 85/339/EBE fellur hér með úr gildi frá þeim degi sem um getur í 1. mgr. 22. gr.

24. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

25. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 1994.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

K. KINKEL

forseti.

I. VIÐAUKI

AUÐKENNINGARKERFI

Nota skal tölurnar 1 til 19 fyrir plast, 20 til 39 fyrir pappír og pappa, 40 til 49 fyrir málma, 50 til 59 fyrir við, 60 til 69 fyrir textílefni og 70 til 79 fyrir gler.

Í auðkenningarkerfinu má einnig nota skammstafanir fyrir viðeigandi efni (t.d. HDPE: High Density Polyethylene (þétt pólýetýlen)). Hægt er að auðkenna efni með talna- og/eða skammstöfunarkerfi. Auðkennin skulu birtast fyrir miðju eða fyrir neðan myndtákn um möguleika á endurnotkun eða endurnýtingu umbúðanna.

II. VIÐAUKI

GRUNNKRÖFUR UM SAMSETNINGU UMBÚÐA OG MÖGULEIKA Á ENDURNOTKUN OG ENDURNÝTINGU, ÞAR MEÐ TALID ENDURVINNSLU, ÞEIRRA

1. Sérstakar kröfur varðandi framleiðslu og samsetningu umbúða

- Umbúðir skal framleiða þannig að rúmmáli og þyngd umbúðanna sé haldið í því lágmarki sem nægir til að viðhalda því öryggis-, hollustu- og viðurkenningarstigi sem er nauðsynlegt fyrir umbúðavöruna og gagnvart neytendum.
- Umbúðir skal hanna, framleiða og markaðssetja þannig að unnt sé að endurnota þær og endurnýta, þar með talið endurvinnna, og halda áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki þegar umbúðaúrgangi eða leifum frá meðhöndlun umbúðaúrgangs er fargað.
- Umbúðir skal framleiða þannig að skaðleg efni og önnur hættuleg efni og grunnefni í umbúðunum eða efnisþáttum þeirra séu í lágmarki í útgeislun, ösku eða sigvatni þegar brenna eða urða á umbúðir eða leifar eftir meðhöndlun umbúðaúrgangs.

2. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnotkun umbúða

Eftirfarandi kröfum skal fullnægt samtímis:

- efnislegir eiginleikar umbúðanna skulu vera þannig að unnt sé að endurnota umbúðirnar nokkrum sinnum við eðlilegar fyrirsjáanlegar aðstæður,
- mögulegt skal vera að meðhöndla notaðar umbúðir þannig að kröfum um heilsu og öryggi vinnuafls sé fullnægt,
- umbúðir skulu fullnægja kröfum um möguleika á endurnýtingu þegar umbúðirnar eru ekki lengur endurnotaðar og teljast því úrgangur.

3. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnýtingu umbúða

a) *Endurnýting með endurvinnslu efna*

Umbúðir skal framleiða þannig að unnt sé að endurvinna ákveðið hlutfall af þyngd efnanna sem eru notuð og gera úr þeim markaðshæfa vöru í samræmi við gildandi staðla bandalagsins. Hlutfallið getur verið mismunandi eftir því úr hvaða efni umbúðirnar eru.

b) *Endurnýting með orkuvinnslu*

Umbúðaúrgangur sem er unninn til orkuvinnslu skal hafa lágmarksbrennsluvarma til að ná hámarkshagkvæmni í vinnslu orkunnar.

c) *Endurnýting með myltingu*

Umbúðaúrgangur sem er unninn í því skyni að mylta hann skal geta brotnað niður lífrænt að því marki að það hindri ekki sérstaka söfnun og myltingarvinnslu úrgangsins eða moltunn hans.

d) *Umbúðir sem geta brotnað lífrænt niður*

Umbúðaúrgangur sem getur brotnað lífrænt niður skal vera unnt að mylta með eðlisfræðilegum, efnafræðilegum eða lífrænum aðferðum þannig að stærstur hluti moltunnar brotni að lokum niður í koldíoxíð, lífmassa og vatn.

III. VIÐAUKI

Í GAGNAGRUNNUM AÐILDARRÍKJANNA UM UMBÚÐIR OG UMBÚÐAÚRGANG SKULU VERA EFTIRFARANDI GÖGN (Í SAMRÆMI VIÐ TÖFLUR 1 TIL 4)

1. Að því er varðar grunnumbúðir, annarsstigsumbúðir og þriðjastigsumbúðir:
 - a) magn umbúða sem er notað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 1);
 - b) endurnotað magn (tafla 2).
2. Að því er varðar umbúðaúrgang heimila og annarra en heimila:
 - a) magn umbúða sem er endurnýtt og fargað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 3);
 - b) magn endurunnins og magn endurnýttis úrgangs, flokkað eftir helstu efnum, (tafla 4).

TAFLA 1

Magn umbúða (grunn-, annarsstigs- og þriðjastigsumbúða) sem notað er á yfirráðasvæði lands

	Framleitt magn í tonnum	-Útflutt magn í tonnum	+ Innflutt magn í tonnum	= Samtals
Gler				
Plast				
Pappír/pappi (þ.m.t. samsetningar)				
Málmur				
Viður				
Annað				
Samtals				

TAFLA 2

Magn umbúða (grunn-, annarsstigs- og þriðjastigsumbúða) sem notað er á yfirráðasvæði lands

	Magn notaðra umbúða í tonnum	Endurnotaðar umbúðir	
		Tonn	Hlutfall
Gler			
Plast			
Pappír/pappi (þ.m.t. samsetningar)			
Málmur			
Viður			
Annað			
Samtals			

TAFLA 3

Magn umbúðaúrgangs sem er endurnýtt eða fargað á yfirráðasvæði lands

	Framleitt magn úrgangs í tonnum	-Útflutt magn úrgangs í tonnum	+ Innflutt magn úrgangs í tonnum	= Samtals
Úrgangur frá heimilum				
Glerumbúðir				
Plastumbúðir				
Pappírs-/pappaumbúðir				
Samsettar pappaumbúðir				
Málmumbúðir				
Viðarumbúðir				
Heildarúrgangur frá heimilum				
Úrgangur annarra en heimila				
Glerumbúðir				
Plastumbúðir				
Pappírs-/pappaumbúðir				
Samsettar pappaumbúðir				
Málmumbúðir				
Viðarumbúðir				
Heildarúrgangur annarra en heimila				

TAFLA 4

Magn umbúðaúrgangs sem er endurunnið eða endurnýtt á yfirráðasvæði lands

	Heildarmagn sem er endurnýtt eða fargað í tonnum	Endurunnið magn		Endurnýtt magn	
		Tonn	Hlutfall	Tonn	Hlutfall
Úrgangur frá heimilum					
Glerumbúðir					
Plastumbúðir					
Pappírs-/pappaumbúðir					
Samsettar pappaumbúðir					
Málmumbúðir					
Viðarumbúðir					
Heildarúrgangur frá heimilum					
Úrgangur annarra en heimila					
Glerumbúðir					
Plastumbúðir					
Pappírs-/pappaumbúðir					
Samsettar pappaumbúðir					
Málmumbúðir					
Viðarumbúðir					
Heildarúrgangur annarra en heimila					

**Sameiginleg yfirlýsing varðandi XV. kafla í II. viðauka við EES- 96/EES/2/05
samninginn sem fylgir fundargerð sameiginlegu EES-nefndarinnar frá
22. júní 1995**

Endurskoðunarákvæði um hættuleg efni.

1. liður: Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1), og
10. liður: Tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum (Stjtíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14).

Aðlögunarákvæði þessara tveggja gerða í EES-samningnum heimila EFTA-ríki, eftir endurskoðun sem fram fór 1994, að ákveða að það þurfi undanþágu frá gerðum bandalagsins um flokkun og merkingu. Í slíku tilviki gilda gerðirnar ekki gagnvart því.

Ísland hefur ákveðið á grundvelli þessarar endurskoðunar að samþykkja gildandi réttarreglur bandalagsins, með gildistöku frá 1. júlí 1995, en með undanþágu á tilteknum sviðum. Þessar undanþágur eru taldar upp í I. viðbæti.

Noregur hefur ákveðið á grundvelli þessarar endurskoðunar að samþykkja gildandi réttarreglur bandalagsins, með gildistöku frá 1. júlí 1995, en með undanþágu á tilteknum sviðum. Þessar undanþágur eru taldar upp í II. viðbæti.

Samningsaðilar taka mið af þessum niðurstöðum og samþykkja að stefnt verði að því að framannefndar gerðir bandalagsins komi að öllu leyti til framkvæmda 1. janúar 1999. Ný endurskoðun mun fara fram 1998. Ef EFTA-ríki ákveður að það þurfi enn frekari undanþágu frá tilgreinda sviðinu, eins og sett er fram í viðbætinum, gilda ákvæðin ekki gagnvart því nema sameiginlega EES-nefndin samþykki aðra lausn.

Ef réttarreglur bandalagsins á þessu sviði taka frekari breytingum eða þróast í aðra átt fyrir 1. janúar 1995 skulu samningsaðilar gera sitt ytrasta til að finna viðeigandi lausn svo unnt sé að taka slíkar réttarreglur upp í EES-samninginn. Málsmeðferðarreglur sem kveðið er á um í 97. - 104. gr. samningsins gilda.

I. viðbætur - Ísland

Eftirfarandi ákvæði gilda ekki um Ísland:

1. Hvað varðar tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna:
 - a) Ákvæði 30. gr., jafnhliða 4. og 5. gr., hvað varðar kröfur um flokkun, merkingu og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir efni eða efnaflokk sem taldir eru upp í I. viðauka við tilskipunina og eru í eftirfarandi skrá. Ísland getur krafist að notuð sé önnur flokkun, merking og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir þessi efni.

Heiti	Kennitala
akrýlsýra	607-061-00-8
ammóníumdíkrómat	024-003-00-1
díamínóbensen (fenýlendíamín)	612-028-00-6
díásínón	015-040-00-4
dífenýlmetan-4,4'-díísósýanat	615-005-00-9
dífenýlmetan-2,4'-díísósýanat	615-005-00-9
dífenýlmetan-2,2'-díísósýanat	615-005-00-9
tólúen-2,4-díísósýanat	615-006-00-4
tólúen-2,6-díísósýanat	615-006-00-4
díklóflúaníð	616-006-00-7
edíksýruanhýdríð	607-008-00-9
etandíól-1,2-dímetakrýlat	607-114-00-5
etýlformat	607-015-00-7
formaldehýð	605-001-02-X
2-hexanón	606-030-00-6
-hýdróperoxýkúmen	617-002-00-8
ísófórón	606-012-00-8
kadmíumflúoríð	048-00-6-00-2
kalsíumhýpóklórít	017-012-00-7
2-klóróetanól	603-028-00-7
metýlbrómíð	602-002-00-2
metýlformat	607-014-00-1
mónókrótófos	015-072-00-9
natríumbísúlfít	016-010-00-3
pentaklórónítróbensen	609-043-00-5
þíóþvagefni	612-082-00-0
metanól	603-001-00-X
fosfórsýra	015-011-00-6

- b) Ákvæði 30. gr., jafnhliða 4. og 6. gr., hvað varðar kröfur um flokkun, merkingu og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir efni eða efnaflokk sem taldir eru upp í I. viðauka við tilskipunina og eru í eftirfarandi skrá. Ísland getur krafist að notuð sé önnur flokkun, merking og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir þessi efni.

Heiti	
etýl 2-sýanóakrýlat	
metýl 2-sýanóakrýlat	
eimi úr steinolú- og kolatjöru, kveikjumark 21°C	
eimi úr steinolú- og kolatjöru, kveikjumark 21-55°C	
kóbaltsambönd	
króm (VI) oxíðklóríð	
natríumnítrat	

- 2) Hvað varðar tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum:

Ákvæði 13. gr., jafnhliða 3. og 7. gr., hvað varðar efnablöndur sem í eru efni sem talin eru upp í a- og b-lið í 1. lið hér að framan.

II. viðbætur - Noregur

Eftirfarandi ákvæði gilda ekki um Noreg:

1. Hvað varðar tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna:
 - a) Ákvæði 30. gr., jafnhliða 4. og 5. gr., hvað varðar
 - i) kröfur um flokkun, merkingu og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir efni eða efnaflokka sem taldir eru upp í I. viðauka við tilskipunina og eru í eftirfarandi skrá. Noregur getur krafist að notuð sé önnur flokkun, merking og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir þessi efni.

Heiti	CAS-nr.	Kennitala	EINECS
amínófenól (allir ísómerar)	95-55-6	612-033-00-3	2024311
	591-27-5		2097112
	123-30-8		2046162
	27598-85-2		
asóbensen	103-33-3	611-001-00-6	2031025
baríumsölt, auðleyt (baríumklóríð)	-	056-002-00-7	-
1,2-bensísópíasól-3-on	2634-33-5	613-088-00-6	2201209
kadmíumflúoríð	7790-79-6	048-006-00-2	2322220
p-klóró-m-kresól	59-50-7	604-014-00-3	2004316
króm (VI) sambönd:			
ammóníumdíkrómat	7789-09-5	024-003-00-1	2321431
kalsíumkrómat	13765-19-0	024-008-00-9	2373668
króm (VI) oxíðklóríð	14977-61-8	024-005-00-2	2390568
kalíumkrómat	7789-00-6	024-006-00-8	2321405
kalíumdíkrómat	7778-50-9	024-002-00-6	2319066
natríumdíkrómat	10588-01-9	024-004-00-7	2341903
díasínón	333-41-5	015-040-00-4	2063738
díetýlamín	109-89-7	612-003-00-X	2037163
díetýleter	60-29-7	603-022-00-4	2004672
dínítró-tólúen (allir ísómerar)	25321-14-6	609-007-00-9	2468361
1,2-epoxý-3-(tólýloxý)-propan	26447-14-3	603-056-00-X	2477114
etandíól-1,2-dímetakrýlat	97-90-5	607-114-00-5	2026172
etýlakrýlat	140-88-5	607-032-00-X	2054388
n-hexan	110-54-3	601-037-00-0	2037776
metanól	67-56-1	603-001-00-X	2006596
metýlbrómíð	74-83-9	602-002-00-2	2008132
metýlformat	107-31-3	607-014-00-1	2034817
fosfórsýra	7664-38-2	015-011-00-6	2316332
pýrógallól (1,2,3-tríhýdróxybensen)	87-66-1	604-009-00-6	2017629
þjópvaðefni	62-56-6	612-082-00-0	2005435
tólúen-2,4-díísósýanat	584-84-9	615-006-00-4	2095445
tólúen-2,6-díísósýante	91-08-7	615-006-00-4	2020390
tríklórómetan	67-66-3	602-006-00-4	2006638
tríetýlamín	121-44-8	612-004-00-5	2044694
tríoxýmetýlen /paraformal dehyd	110-88-3	605-002-00-0	2038125
	30525-89-4		
terpentína unnin úr plöntum	8006-64-2	650-002-00-6	2323507
vanadíumpentoxíð	1314-62-1	023-001-00-8	2152398

- ii) forsendur flokkunar og merkingar krabbameinsvaldandi efna sem er að finna í lið 4.2.1 í VI. viðauka við tilskipunina. Noregi er heimilt að beita öðrum forsendum við flokkun og öðrum kröfum vegna beitingar á tilteknum H-setningum.
- b) Ákvæði 30. gr., jafnhliða 4. og 6. gr., hvað varðar kröfur um flokkun, merkingu og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir efni eða efnaflokka sem ekki er að finna í I. viðauka við tilskipunina og eru taldir upp í eftirfarandi skrá. Noregur getur krafist að notuð sé önnur flokkun, merking og/eða tiltekin styrkleikamörk fyrir þessi efni.

Heiti	CAS-nr.	Kennitala	EINECS-nr.
ammóníumpersúlfat	7727-54-0		2317865
1,2-bensendíamín	95-54-5		
1,2-bensendíamíndíhýdróklóríð	615-28-1		
bensó(e)pýren	192-97-2		2058927
bensóþíasóldísúlfíð	120-78-5		2044249
2-bensóþíasóleþíól	149-30-4		2057368
klóróasetaldehyð	107-20-0		2034728
2-klóróasetamíð	79-07-2		2011742
4-klóró-3,5-dímetyfenól	88-04-0		2017938
5-klóró-2-metýl-4-ísóþíasólín-3-on + 2-metýl-4-ísóþíasólín-3-on (3:1)	55965-84-9 26172-55-4 2682-20-4		
króm (VI) sambönd			
krýsen	218-01-9		2059234
kóbaltsoilt;			
kóbalt (II) klóríð	7646-79-9		2315894
kóbalt (II) súlfat	10124-43-2		2333342
N-sýklóhexýl-2-bensóþíasýlsúlfenamíð	95-33-0		2024112
1,4-díamínó-2-metýlbensen	95-70-5		2024421
N,N'-dí(2-naftýl)-p-fenýlendíamín	93-46-9		2022492
dípentametylenþíuramdíúlfíð	94-37-1		2023281
1,3-dífenýlgúanídín	102-06-7		2030021
etýl-2-sýanóakrylát	7085-85-0		2303915
glútaraldehyð	111-30-8		2038565
n-hexýlakrylát	2499-95-8		2196985
hýdrókínónmónóbensýleter	103-16-2		2030833
hýdrókínónmónómetýleter	150-76-5		2057698
indenó (1,2,3-cd) pýren	193-39-5		2058932
d-límónen	5989-27-5		2278135
4-(metýlamínó)fenólsúlfat	55-55-0		2002371
metýl-2-sýanóakrylát	137-05-3		2052752
metýlen-bis-þíósýanat	6317-18-5		2286523
2-(morfólínóþíó)bensóþíasól	102-77-2		2030524
N-fenýl-2-naftýlamín	135-88-6		2052239
króm (III) sulfat, basísk	64093-79-4		
nikkelklóríð	7718-54-9		2317430
N-oktýl-ísóþíasólín-3-on	26530-20-1		2477617
fenól-formaldehyðresín	9003-35-4		
N-fenýl-N'-ísóprópýl-p-fenýlendíamín	101-72-4		2029697
tetraetýlþíuram díúlfíð	97-77-8		2026078
tetrametýlþíuram monósúlfíð	97-74-5		2026057
1,3,5-tríasín-1,3,5 (2H, 4,H, 6H)- tríetanól	4719-04-4		2252080
tríprópýlenglýkóldíakrylát	42978-66-5		2560322
sínkdíbutýdíþíókarbamát	136-23-2		2052328
sínkthýldíþíókarbamát	14324-55-1		2382709

- c) Ákvæði 30. gr., jafnhliða d-lið 2. mgr. 23. gr. Noregur getur krafist að notuð sé viðbótar H-setning („215“) sem ekki er skráð í III. viðauka við tilskipunina.
 - d) Ákvæði 30. gr., jafnhliða 4. og 6. gr. hvað varðar efni sem merkt eru í samræmi við gildandi norskar reglugerðir um OAR-merkingu.
 - e) Ákvæði 2. mgr. 23. gr. tilskipunarinnar hvað varðar kröfu um notkun á orðunum „EBE-merkimiði“ fyrir efni sem eru í a- og c-lið.
 - f) Ákvæði 30. gr., jafnhliða 27. gr., hvað varðar öryggisgögn um hættuleg efni sem talin eru upp í d-lið 1. liðar og fyrir efni sem eru í norskum skráum um styrkleikamörk.
2. Hvað varðar tilskipun ráðsins 88/379/EBE frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum:
- a) Ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. hvað varðar prófanir á efnablöndum vegna næmisáhrifa.
 - b) Ákvæði 10. gr. hvað varðar öryggisgögn um hættulegar efnablöndur með lífrænum leysiefnum sem um getur í d-lið 1. liðar.
 - c) Ákvæði 13. gr., jafnhliða 3. og 7. gr., hvað varðar efnablöndur sem í eru efni sem um getur í liðum a-til d-lið í 1. lið.